

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um grundvallar endurskoðun á uppbyggingaráformum í Grafarvogi.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði í grundvallar endurskoðun á uppbyggingaráformum í Grafarvogi og það sé gert með íbúum hverfisins.

Greinargerð:

Íbúar Grafarvogs eru mjög óánægðir með fyrirliggjandi drög hönnuðum af skipulagsyfirvöldum. Þetta á of mikið og þær hugmyndir sem liggja fyrir eru í engum takti við núverandi byggð og ekki heldur í samráði við íbúa. Allt of fá bílastæði verða ef þessar tillögur ná fram að ganga og lítið hugsað um innviði. Það skýtur auðvitað skökku við að borgarstjóri segi að það verði að byggja af því að það vantar land. Sami aðili og neitar að brjóta nýtt land undir byggð. Byggja mætti meira í Úlfarsárdal og á Kjalarnesi og hefja byggingu Geldinganes þegar lega Sundabrautar er ákvörðuð. Það gengur ekki að ganga á græn svæði í þegar byggðum hverfum og halda að Kirkjugarðurinn í Grafarvogi sé nóg “sem grænt svæði í hverfinu”